

Filippus Filippusson greiði stefnda, sýslumanni H. E. Johnsen, 30 kr. í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, sæti ella aðför að lögum.

Nr. 28 1889

Klemens Jónsson fyrir hönd

F. A. Löve

gegn

Páli Þorkelssyni.

D ó m u r :

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur 7. marz þ. á. var hinn stefndi, gullsmiður Páll Þorkelsson, dæmdur til að greiða áfrýjandanum, cand. jur. Klemens Jónssyni fyrir hönd F. A. Löve klæðsala, eptirstöðvar af skuld til nefnds Löve, 360 kr. 85 a., með 5% vöxtum frá sátta-kærudegi, 18. desbr. f. á., til borgunardags, og 10 kr. í málskostnað. Hefur áfrýjandinn krafizt þess fyrir yfirdóminum, að dómur þessi verði staðfestur að öðru leyti en því, að frá hinni umstefndu upphæð, 360 kr. 85 a., megi draga 53 kr. 50 a., sem aunar maður hafi, eptir að dómur var fallinn á bæjarþinginu, tekið að sjer að greiða, og að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað fyrir yfirdómi með einhverju nægilegu eptir rjettarins mati. Stefndi, sem hefur gagnáfrýjað málinu, hefur aptur á móti krafizt að verða sýknaður af kröfum áfrýjandans og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða sjer 500 kr. í skaðabætur fyrir tímatöf og lánstraustspell, svo og málskostnað fyrir undir- og yfirdómi með þeirri upphæð, er yfirdómurinn álitur hæfilega.

Afrýjandinn hefur til stuðnings kröfu sinni lagt fram skuldabréf, dags. 23. júní f. á., undirskrifað af stefnda, þar sem stefndi lofar að greiða þáverandi umboðsmanni klæðsala F. A. Löve skuld þá, er hann sje í við Löve og sem samkvæmt verzlunarbókum hans sje að upphæð 380 kr. 85 a., þannig, að hann greiði vissa tiltekna upphæð á mánuði hverjum unz skuldinni væri lokið, en af þessum afborgunum hefur stefndi að eins greitt hina fyrstu, eða 20 kr., og var því krafa áfrýjanda fyrir undirrjetti 360 kr. 85 a.

Með því nú að stefndi hefur kannast við að hafa undirskrifað tjeð skuldabréf, og ekkert tillit verður, gegn mótmælum áfrýjandans, tekið til þeirrar varnarástæðu hans, að hann hafi eigi, áður en hann undirskrifaði skuldabréfið, rannsakað hina einstöku liði skuldarinnar, sem hann aldrei kveðst hafa fengið sundurliðaðan reikning yfir, og hafi hann því ekki gætt þess, að á reikningnum hafi verið taldar, leyfislaust frá sinni hálfu, skuldir þriggja óviðkomandi manna að upphæð samtals 184 kr. 85 a., og með því að enn fremur öll skuldin skyldi eptir skuldabréfinu falla til borgunar þegar í stað, ef vanskil yrðu með áskildar afborganir, þá verður yfirdómurinn að fallast á úrslit þau, er málið hefur fengið fyrir bæjarþinginu, bæði hvað sjálfa kröfuna og málskostnað snertir, en þar sem áfrýjandinn, eins og áður er sagt, hefur hjer fyrir rjettinum fært kröfu sína niður um 53 kr. 50 a., ber hjer aðeins að dæma honum upp í skuldina 307 kr. 35 a. Með tilliti til þess, að stefndi gaf tilefni til áfrýjunar málsins, með því að stefna því fyrir yfirdóminn að fyrra bragði með óparflega löngum fresti, og með hliðsjón af öðrum atvikum málsins,



ber að dæma hann til að greiða áfrýjanda 15 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rjett að vera:

Stefndi, Páll Þorkelsson gullsmiður, greiði áfrýjanda, cand.jur. Klemens Jónssyni fyrir hönd F. A Löve, 307 kr. 35 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 18. desbr. f. á. til borgunardags, og 25 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dómi þessum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 37/1889.

S. E. Waage fyrir hönd  
Jóns Ó. V. Jónssonar  
gegn  
Páli Þorkelssyni.

D ó m u r :

Með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, gengnum 4. apríl þ. á., var hinn stefndi, tannlæknir Páll Þorkelsson, dæmdur til að greiða áfrýjandanum, verzlunarstjóra S. E. Waage fyrir hönd kaupmanns J. Ó. V. Jónssonar, verzlunarskuld, að upphæð 126 kr. 91 e., með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, 7. jan. þ. á., til borgunardags, og 15 krónur í málskostnað, en málsfærslumaður áfrýjanda fyrir bæjarþinginu, E. Egilsson, skyldi fyrir ósæmilegan rithátt greiða sekt, 5 kr. í fátækra sjóð Reykjavíkur og 5 kr. í landssjóð. Hefur áfrýjandi krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að dómur þessi verði staðfestur og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu eða með einhverju nægilegu